



Verklagsreglur vegna ferða á vegum Gerplu:

Deildarstjóri/(forráðamaður í framtíðinni) sér um að skrá á mót og sendir á sama tíma tölvupóst á foreldraráð með skráningu, upplýsingum um keppendur og eftirfarandi skjöl líkt og upptaks af ferða drögum og listi yfir hvað þarf að gera og ferðareglur Gerplu.

Foreldraráð sendir í framhaldinu tölvupóst á umsjónarmenn hópa og óska eftir þeim sem farastjórum, ef þeir hafa ekki tök á því eða vantar fleiri til að aðstoða, er sendur út tölvupóstur á aðra forráðamenn og óskað eftir sjálfboðaliðum.

Umsjónarmenn ásamt farastjórum sjá um að skipulag ferðarinnar, allt frá því að panta flug/rútu, mat, gistingu, skipuleggja kvöldvöku eða aðra afþreyingu.

Þegar helstu kostnaðarliðir liggja fyrir (2 vikum fyrir mót) þarf að senda sundurliðaðan kostnaðaráætlun á deildarstjóra og foreldraráð

Deildarstjóri sér þá um að setja upp kostnaðaráætlun fyrir hvern og einn iðkanda ásamt því að reikna út dómara og þjálfarakostnað og setja upp í Nóra greiðslukerfi Gerplu.

Verklagsreglur umsjónarmanna og farastjóra í ferðum:

Gerpla er með samning við Teit og hafa þarf samband við þá nema ferðin sé til Egilsstaða eða Vestmanneyja þá er haft samband við Herjólf eða Flugfélag Íslands.

Senda póst á fimleikasamband@fimleikasamband.is til að athuga hvort gisting og matur sé í boði af móshöldurum.

Umsjónamenn þurfa að gera ráðstafanir fyrir mat fyrir iðkendur, farastjóra og þjálfara (í öll mál). Góð reynsla hefur verið að samstafi við Greifann á Akureyri þegar farið hefur verið þangað. N1 og Subway þegar farið hefur verið til Egilsstaða. Einnig þarf að gera ráðstafanir með millimáltíðir, hvort sem það er heimabakstur sem skipt er niður á milli forráðamanna eða pantir ávextir og annað af heildsölum. Gerpla hefur átt góð viðskipti við Bananar ehf og Ömmubakstur ehf fyrir margar ferðir.

Panta þarf gistingu en vaninn er að gista í skólum. Giljaskóli og Síðuskóli hafa verið góðir samstarfsaðilar á Akureyri.

Kvöldvaka, ís- eða sundferðir. Umsjónarmenn og farastjórar sjá um að skipuleggja kvöldvöku og ís – eða sundferðir (má líka vera önnur afþreying) og útbúa skipulag í kringum skipulag mótsins sem kemur vanalega 2 vikum fyrir mót.